

Fundargerð

1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 05.12.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Jón Valgeirsson(JV), Hannibal Kjartansson(HK), Guðmundur Daníelsson(GD), Hörður Úlfarsson(HÚ), Lúðvig Þorfinnsson(LP), Halldóra Hjörleifsdóttir(HH).

2. Dagskrá

- 2.1. Útistandandi mál síðasta verkfundar
- 2.2. Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- 2.3. Næstu skref og áfangar
- 2.4. Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- 3.1. Farið var yfir útistandandi mál síðasta verkfundar. Þau afgreidd að hluta. Eftir stendur að því sem snýr að samningum við fjarskiptafélög um aðstöðu. GD sinni málinu. Einnig á eftir að draga í rör í áfanga 6. HÚ og LP sinna því verki í vikunni. Skv. HK og JV á eftir að bakfæra reikninga vegna aukaverka. LP klárar málið.
- 3.2. Jarðvinnu er lokið í áfanga 7 og 8. Blæstri strengja er lokið í áfanga 7 og 8 að stofnstreng að Fossi undanskildum, verið er að blása þann legg. LP segir að áfanga 7 verði skilað mánudaginn 10. des og áfanga 8 verði skilað í vikulok, þ.e. föstudaginn 15. des.
- 3.3. Vinna við áfanga 5 er hafin. Jarðvinna: Stofnrör er komið í jörð, að þeim kafla undanskildum sem liggur frá gatnamótum að dælustöð við Hruna (ca. 500m). Unnið er við lagningu á heimtaugarrörum. Stefnt er að því að jarðvinnu við áfanga 5 verði lokið um miðja viku 50. Blástur við áfanga 5: Blástur er hafinn við áfanga 5 og unnið verður við blástur næstu daga og hafist verður handa við tengingu á áfanga 5 í beinu framhaldi af áfanga 8. GD lagði áherslu á að vegalengdir verði bornar saman við þá strengi sem eftir eru svo að nýting á efni verði sem best. Í framhaldi af áfanga 5 verður hafist handa við áfanga 6 sem liggur að Sólheimum annarsvegar og Kaldbak hins vegar. Farið var yfir verkáætlun verksins. Staða verkefnisins er skv. væntingum og í samræmi við uppfærða verkáætlun frá því í ágúst.
- 3.4. Tengja þarf Hrepphóla (LL102.T21.04) í tengitunnu og setja upp tengibox á heimili. LP sér um málið.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- 4.1. GD undirbýr samninga við fjarskiptafélög vegna aðstöðu.
- 4.2. LP bakfærir reikninga vegna aukaverka.
- 4.3. LP láta tengja Hrepphóla LL102.T21.04.